

Fundargerð

Efni fundar: Háskólaráð 2026-03

Dagsetning: 24. mars 2026

Staðsetning: TEAMS

Málsnúmer: MAL2024090245

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Áshildur Bragadóttir og Jóhanna Gísladóttir.

Christian Schultze, alþjóða- og rannsóknafulltrúi, var gestur fundarins undir lið 1.

Forföll: Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Bragi Geir Bjarnason, Þórunn Jónsdóttir og Birgir Þór Haraldsson.

Fundur settur 13:15.

Vegna forfalla var ákveðið að taka ekki stórar ákvarðanir á fundinum og nýta hann frekar til upplýsingar.

1. Rannsókn- og alþjóðastarf

Starfsfólk og verkaskipting á alþjóðaskrifstofu kynnt. Vinna langt komin við mótun nýrrar alþjóðastefnu og ráðgert að kynna tillögurnar fyrir sumarfrí. Svar við áframhaldandi umsókn fyrir UNIGreen mun berast í júlí. Mikil aukning á alþjóðasamstarfi sem og á öflun rannsóknastyrkja. Fjöldi birtra ritrýnna greina árið 2025 er svipuð og fyrri ár, um 60. Nokkrir nýir rannsóknastyrkir komið í hús á árinu og margar umsóknir í ferli. Ákveðið að bjóða Christian aftur á fund háskólaráðs seinna á önninni til að kynna starfið.

2. Nám í tamningum

Breytingar hafa verið lagðar fram vegna endurskipulagningar á náminu á haustönn.

3. Nám í dýralækningum – athugasemdir frá ráðuneytinu

Unnið með SGGW að samstarfssamningi. Byrjað á tveggja ára diplómanámi, en samhliða sótt um heimild ráðuneytisins fyrir því að LBHÍ geti veitt BSc gráðu í búvísindum með áherslu á dýraheilbrigði með því að meta inn þriðja árið við SGGW. Um leið og samningur verður undirritaður getum við hafið auglýsingar á náminu.

4. Jarðræktarmiðstöð – staða mála og tímalína

FSRE heimsótti Landbúnaðarháskólann í síðustu viku og hitti bæði fulltrúa í framkvæmdastjórn sem og jarðræktarteymi. Verið að leggja lokahönd á útboðsgögn.

5. Ársfundur og háskólafundur í maí – þema og dagsetning

Verið er að horfa til 20. eða 21. maí og að þema ársfundar verði nám LBHÍ. Samstarfssamningur við SGGW verður kynntur, nám í tamningum og svo örnám og kennsluþróun. Á háskólafundi væri gott að kynna lykiltölur fyrir starfsmönnum, hvernig við stöndum gagnvart stefnunni sem sett var 2024 og þeim markmiðum sem sett voru þar. Þá væri einnig áhugavert að ræða gervigreindina.

6. Frumvörp til breytinga á lögum um háskóla

Rektor fór á fund allsherjar- og menntamálanefndar ásamt rekstrarstjóra og deildarforseta um frumvarp um háskólasamstæðu þar sem tækifæri gafst til að ræða það og athugasemdir sem sendar voru.

7. Mál til kynningar

- a. Rektor fór með fulltrúa SSV á fund í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að ræða mögulegt fjármagn til uppbyggingar á matvælakjarna.
- b. Þann 7. maí verður kynning á Landgræðsluskólanum í Veröld.
- c. Rektor ætlar á BOVA fund í Eistlandi sem fulltrúi NOVA 5-6. maí. Endurgera á samning milli NOVA og BOVA. Þá er tækifæri til að kynna starfsemi LBHÍ.